



Stjórn málaályktun Uppreisnar 2026-2027

Atvinnumál

Draga á úr inngripum ríkisvaldsins í íslenskum atvinnuvegi og einstaklingsframtakinu skal gert hátt undir höfði. Skattar og opinber gjöld á fyrirtæki eru of há og þarf að lækka í samvinnu við atvinnulífið. Uppreisn telur mikilvægt að dregið sé úr óþörfum hindrunum í atvinnulífinu og að stuðlað sé að heilbrigðri samkeppni þar sem hvorki ríkisvald né einkaaðilar njóta einokunarstöðu. Uppreisn telur að marka þurfi heildstæða stafræna stefnu sem tekur mið af gervigreind og stafrænu öryggi.

Rýmka þarf getu einkaframtaksins til að mæta orkuþörf Íslands á stórum sem smáum skala. Innviðaskuldin í orkumálum er þjóðarbúskapnum mjög dýr og löngu tímabært að rofin hafi verið sú kyrrstaða sem ríkt hefur á því sviði. Orkufrekur iðnaður á vel heima á Íslandi þar sem virkjunarkostir eru nægir og kolefnisspor iðnaðarins minna hér en það væri á mörgum öðrum stöðum.

Uppreisn styður þá vegferð sem núverandi ríkisstjórn fór í að sameina stofnanir til einföldunar fyrir atvinnurekendur. Mörgu grettistaki hefur verið velt á vettvangi atvinnumála. Má þar meðal annars nefna að loks fær íslenska þjóðin sanngjarnt gjald fyrir nýtingu af fiskiauðlindinni. Uppreisn fagnar fyrirliggjandi áformum um löngu tímabæran heildstæðan lagaramma um lagareldi, en áréttar mikilvægi þess að tryggja frelsi hvers svæðis til að ákveða slíka atvinnuuppbyggingu fyrir sig. Tímabært er að afnema lögbundna einokun ríkisins á sölu áfengis.

Ánægjuefni er að þingflokkur Viðreisnar sé að taka áfengismál á Íslandi fyrir en Uppreisn telur flokkinn þurfa að ganga töluvert lengra í að gera þessi viðskipti frjáls

Efnahagsmál

Verðbólga er enn mikið áhyggjuefni. Grípa þarf til róttækra aðgerða til þess að ná verðbólgu og vöxtum niður. Það er mikið gleðiefni að ríkisstjórnin stefni á hallalaus fjárlög árið 2027 í kjölfar mikillar óreiðu í ríkissrekstri. Mikilvægt er að ríkið sé ekki leiðandi afl í launapróun og nauðsynlegt er að hagræða í miðlægri stjórnsýslu. Sýna þarf aukna ábyrgð í rekstri og draga þarf úr frekari útgjöldum ríkisins. Uppreisn er alfarið á móti óhóflegum ríkissinngripum og verðstýringu á frjálsum markaði líkt og ríkisstjórn gerði með sérstöku verðlagseftirliti á olíusala eftir lækkingu á virðisaukaskatti.

Nýleg tvíþætt tenging örorkubóta við launavísitölu og vísitölu neysluverð er varasöm þróun þar sem að það dregur úr hvata til endurkomu á vinnumarkað þar sem kjör vaxa hraðar en laun á vinnumarkaði. Áherslan á frekar að vera á að styðja við fólk í endurkomu með jákvæðum hvötum þar sem að endurkoma er verðlaunuð frekar en refsað eins og staðan er í dag.

Afnám áminningarskyldu opinberra starfsmanna er jákvætt skref. Þessi sérstaka vernd opinberra starfsmanna er barn síns tíma og ríkt tilefni er til endurskoðunar þar á. Sala á eftirstandandi hlut ríkisins í Íslandbanka gekk snuðrulaust fyrir sig og var ferlið bæði gagnsætt og vel undirbúið. Uppreisn leggur til að byggt verði á þeim góða grunni sem lagður var við söluna á Íslandsbanka og að gengið skuli í sölu á Landsbankanum.

Ríki og sveitarfélög eiga ekki að leggja óþarfa kvaðir á fyrirtæki sem gera stofnun og rekstur þeirra erfiðari. Hið opinbera þarf að afnema ónaúðsynlegar kvaðir, sem lagðar eru á byggingaraðila, eins og t.d. Kvöð um atvinnuhúsnæði á fyrstu hæð nýbygginga, og leyfa fólk að byggja það sem selst. Íslenska krónan er dýrkeyptur þröskuldur sem hindrar fjárfestingar og viðskiptatækifæri og er ekki til þess fallin að stuðla að verðmætasköpun og hagsæld. Upptaka evru er eitt helsta hagsbóta- og kjaramál íslensku þjóðarinnar.

Íslenska krónan er dýrkeyptur þröskuldur sem hindrar fjárfestingar og viðskiptatækifæri og er ekki til þess fallin að stuðla að verðmætasköpun og hagsæld. Upptaka evru er eitt helsta hagsbóta- og kjaramál íslensku þjóðarinnar.

Jafnréttismál

Það bakslag sem hefur orðið í íslensku samfélagi er varðar réttindabaráttu hinna margvíslegu hópa er áhyggjuefni. Það hefur aldrei verið mikilvægara að stjórnvöld standi vörð um þau réttindi sem áunnist hafa. Stjórnvöld eiga ekki að gefa neitt eftir í þeim efnum.

Skólar í frjálslyndu samfélagi eiga ekki að vera hlutlausir gagnvart mannréttindum. Mikilvægt er að sveitarfélög standi staðföst í því að tryggja áframhaldandi sýnileika og öfluga fræðslu um hinseginleika, fjölbreytni og mannréttindi.

Stjórnvöld eiga að tryggja að inngilding sé höfð að leiðarljósi í öllum ákvörðunum stjórnvalda og að ákvarðanir skulu teknar í samráða við viðeigandi aðila. Að sama skapi ættu stjórnvöld að tryggja jafnt aðgengi að grunnþjónustu fyrir alla, bæði áþreifanlegt og tæknilegt aðgengi.

Heimgreiðslur skulu ekki verða festar í sessi sem úrræði til að koma til móts við foreldra. Með heimgreiðslum eru réttindi foreldra á vinnumarkaði ekki tryggð. Heimgreiðslur draga úr hvata sveitarfélaganna til þess að byggja upp gott og aðgengilegt leikskólakerfi.

Uppreisn vill lengja fæðingarorlof, með því tryggjum við réttindi foreldra á vinnumarkaði og mæta leikskólavandanum að hluta til. Uppreisn vill einnig að útreikningur fæðingarorlofs taki betur mið af raunverulegum tekjum foreldra við upphaf töku fæðingarorlofs til að tryggja jafnrétti og bættu afkomu barnafjölskyldna á Íslandi.

Innanríkismál

Uppreisn leggur áherslu á að opinber stjórnsýsla sé skilvirk, aðgengileg og rekin í þágu

almennings með ábyrgð og fagmennsku að leiðarljósi. Mikilvægt er að efla traust á stofnunum samfélagsins með auknu gagnsæi betri og skilvirkari þjónustu og skýrri ábyrgð.

Sérstök áhersla er lögð á öryggi samfélagsins og að lögregla, viðbragðsaðilar og dómskerfi hafi nægt bolmagn til að sinna hlutverki sínu á skilvirkan og mannúðlegan hátt. Þess verður þó að gæta, að ekki sé traðkað á friðhelgi almennings með óþörfum aukningum á valdheimildum valdheimildum lögreglunnar. Varhugavert er að stíga skrefinu lengra en nauðsyn ber til. Má þar nefna tillögur þess efnis að lögregla þurfi ekki heimild frá dómara til þess að nálgast fjárhagsupplýsingar einstaklings. Uppreisn styður aðgerðir dómsmálaráðherra gagnvart aukinni notkun rafræns eftirlits þar með talið notkun ökklabanda og einnig aðgerðir sem styðja þolendur vændis og mansals.

Uppreisn ályktar að opna skuli á leyfisveitingar til handa erlendum sem innlendum veðmálafyrirtækjum svo þau geti starfað á löglegan hátt á Íslandi einnig skal heimila veðmálafyrirtækjum að auglýsa sig þó innan eðlilegs ramma. Ávinningur íslenska ríkisins yrði mikill af því og væri hægt að nýta hluta þeirra tekna sem aflað verður til þess að styrkja fjölbreytt forvarnarstarf, ungmennastarf og íþróttahreyfinguna.

Uppreisn ályktar að afglæpavæpa ætti vörslu og notkun á neyskuskömmtum á vímuefni með það að markmiði að draga úr stoðum hins svarta markaðar og glæpahópa auk þess sem að ríkið ætti ekki að grípa fyrir hendur á upplýstum sjálfráða einstaklingum.

Uppreisn telur að skera ætti algjörlega á alla strengi á milli ríkis og kirkju. Það getur ekki verið trúfrelsi eða jafnræði trúarbragða á meðan ríkið heldur ákveðinni trú ofar en öðrum.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar á vettvangi útlendingamála eru tímabærar og nauðsynlegar. Lengi hefur þessi málaflokkur verið í óstjórn. Það er jákvætt skref er að ráðherrar og þingmenn Viðreisnar hafi tekið þessi mál á herðar sér. Mikilvægt er að gæta meðalhófs og mannúðar, á sama tíma og landamæri Íslands eru treyst. Uppreisn styður fyrirhugaða brottfararstöð. Hún er vægara úrræði en að setja fólk sem hefur þreytt allar áfrýjunarleiðir í fangelsi.

Menntamál

Íslensk stjórnvöld eiga að stuðla að hækkuðu menntunarstigi þjóðarinnar í samræmi við framtíðarsýn landsins sbr. núverandi atvinnustefnu. Uppreisn leggur til að farið verði í markvissar breytingar á Aðalnámskrá sem gerir gagnrýnni hugsun hærra undir höfði. Það er hornsteinn frjálslynds lýðræðissamfélags í nútímaheimi og er það grundvallaratriði að menntakerfi Íslendinga ýti undir þá hæfni. Nám á að byggja á lesskilningi og málakennslu til að stuðla að fjölbreyttu og sjálfstæðu samfélagi. Gríðarlegur samfélagslegur ávinningur hlýst af því að auka stuðning við iðnnám á framhaldsskólastigi, því það er sjálfbærnis- og öryggismál að slík þekking sé til staðar og viðhaldið.

Skoða þarf breytingar á skipulagi aldurshópa í íslensku skólakerfi með tilliti til skólaskyldu og/eða fræðsluskyldu til samræmingar við það sem gerist í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Íslenskt námsefni sem stjórnvöld eiga skal vera gert opið og aðgengilegt, námsgagnagerð skal vera unnin með skilvirkum hætti þar sem bæði starfsfólk og gervigreind vinna ötullega að því að vinna efni í samræmi við aðalnámskrá hvers stigs fyrir sig. Við viljum að íslenskir skólar séu samkeppnishæfir við evrópska skóla

Utanríkismál

Aldrei hefur verið mikilvægara en nú að Ísland sé virkur og ábyrgur þáttakandi í alþjóðasamfélaginu. Gífurlega mikil skautun hefur átt sér stað í heiminum. Mikil áhætta er í því fólgin ef Ísland stendur eitt og berskjaldað milli stórvelda í stigmagnandi átökum á alþjóðasviðinu.

Sérstök áhersla er lögð á að efla varnarsamstarf sem tryggir öryggi landsins. Uppreisn telur mikilvægt að Ísland beri í ríkari mæli ábyrgð á eigin vörnum meðal annars með skýrum tengslum við bandalagsríki og aukinni áherslu á tvíhliða samstarf. Jafnframt þarf að efla viðbragðsgetu og áfallapol gagnvart nýjum ógnum, þar á meðal á vettvangi netöryggis og almannavarna. Stjórnvöld ættu einnig að auka samskipti við almenning um öryggis- og varnarmál. Uppreisn ályktar að Ísland skuli halda áfram þeirri vegferð að auka framlög til varnarmála í samræmi við skuldbindingar sínar gagnvart NATO.

Uppreisn fagnar því að loksins fái þjóðin að ákveða eigin framtíð þegar kemur að Evrópusambandinu. Uppreisn telur hagsmunum Íslands betur borgið innan Evrópusambandsins. Aðild mun tryggja Íslandi stöðugra efnahagsumhverfi og sterkari stöðu á tímum aukinnar óvissu. Lýðveldið Ísland hefur frá upphafi byggt á evrópskum gildum um frelsi, frið, lýðræði, mannréttindi og alþjóðlegt samstarf. Tími er til kominn að beita fullveldinu og öðlast hlutdeild í ákvörðunum sem teknar eru um hagsmunum Íslands á vettvangi Evrópusambandsins.